

41 hver af þeim gamalkunnu áfengu drykkjum sje sjerstakt ómissandi læknislyf,
8. apríl eins konar leyndardómsfullur lífselixir, sem ekkert geti jafnast við móti þeim og þeim sjúkdómi. Það er ekki langt síðan að roskinn maður og ráðsettur kom til mín fulltrúa um það, að til væri vín, sem læknaði geðveiki, og kvartaði yfir að geta hjer hvergi fengið þetta töfravín, hafði nafnið uppskrifað: Lacrima Christi.

Það er eðlilegt að talsvert eimi eftir af ýmsum þess konar hjegiljum, víntrú og öl-kreddum.

En það er ekki eðlilegt að löggjöf þjóðarinnar sje hagað eftir þeim kreddum.

Og — svo jeg víki að hinu atriðinu, læknaðstjettinni — þá er fljótsagt, að jeg mundi telja það hið mesta óheillaráð, að ætla öllum lyfsölum og hjeraðslæknum, sem lyf selja, að »panta« eða hafa til »handa sjúklingum« ýmiskonar áfenga drykki, eftir að bannlögin eru gengin í fult gildi. Jeg ræð eindregið frá því að lyfsalar og hjeraðslæknar sjeu leiddir í þann þarflausa vanda, sem engar landlæknisreglur um söluna myndu geta ráðið fram úr, svo að ekki hlytist af sífeld misklið og þaðan af verri vandræði. Í þá áttina benda ótvírætt þær fáu kvartanir sem komið hafa um vöntun á áfengum drykkjum handa sjúklingum.

Fyrir því legg jeg til að kærnu Magnúsar Einarssonar dýralæknis verði ekki sint.

Jeg hefi álitíð nauðsynlegt að skýra þetta mál ítarlega af því að jeg tel það mjög mikilsvert fyrir heilbrigðishagi þjóðarinnar og læknaðstjett landsins.

42 **Brjef stjórnnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um sveitfesti þurfa-**
15. apríl **lings og endurgjald á sveitarstyrk.**

Hreppsnefndin í Þverárhreppi í Húnavatnssýslu hefir áfrýjað til stjórnnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 20. oktbr. f. á., sem ákveður að Jónas nokkur Benjamínsson skuli teljast sveitlægur í nefndum hreppi, og að þeim hreppi beri að endurgjalda Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu 84 kr. 52 a. af sveitarstyrk veittum þar nefndum þurfalingi.

Eftir því, sem fyrir liggur í málinu, beiddist Jónas þessi sveitarstyrks í Hólshreppi 14. jan. f. á. og var honum þá þegar veittur 40 kr. styrkur. Styrkveiting þessa tilkynnti hreppsnefndin þá sýslumanni og beiddist að útveguð væri yfirlýsing Þverárhrepps um sveitfestina. Á sveitfestisviðurkenningunni varð þó bið af hálfu Þverárhrepps, bæði vegna þess að hreppsnefndin dróg í efa, að hreppurinn væri rjettilega talinn fæðingarsveit Jónasar, og svo af því að hún taldi ekki örvænt að Jónas hefði unnið sjer sveit í Hólshreppi. Hreppsnefnd Þverárhrepps viðurkendi að visu síðar, að sá hreppur væri fæðingarhreppur Jónasar, en heldur því fram, að eigi sje sannað, að hann hafi ekki unnið sjer sveit í Hólshreppi, en sönnunarskyldan á þessu atriði verður að hvíla á fæðingarsveitinni, enda eigi svofeldar líkur færðar fyrir þessu af hálfu Þverárhrepps, að sönnunarskyldan verði talin eiga að flytjast yfir á Hólshrepp. Úrskurð yðar verður því að telja rjettan að því er til sveitfestinnar kemur.

Eins og á undan segir varð dráttur á sveitfestisviðurkenningunni frá Þverárhreppi, og sendir þá Hólshreppur sýslumanni hinn 6. júní f. á. reikninga

yfir styrk veittan Jónasi til þess tíma, að upphæð 216 kr. 78 a., og krefst endurgjalds á $\frac{2}{3}$ þeirrar upphæðar frá þeim hreppi, er úrskurðaður verði framfærslusveit Jónasar. 42
15. apríl
Gegn þessum reikningum hafði hreppsnefnd Þverárhrepps aðallega það að athuga, að ekki væri frá þeim dregin upphæð, sem hún kvaðst hafa komist eftir, að Jónas myndi hafa greitt inn til Hólshrepps. Þessu svarar hreppsnefndinni frá Reykjavík 24. apríl f. á. 80 kr., en gleymst hefði að draga þær frá reikningnum, er sendur var 6. júní, og getur þess jafnframt, að það hafi orðið samkomulag milli hreppsnefndarinnar og Jónasar, er hann kom heim aftur í vorvertíðarlokin, að hann skyldi fara burt aftur að leita sjer atvinnu, en hreppsnefndin skyldi sjá um fjölskyldu hans um sumarið gegn endurgreiðslu frá honum eftir föngum, enda kveðst hreppsnefndin hafa ætlað eftir á að gjöra upp við framfærslusveitina. Fjölskyldan hafi þegið um sumarið 165 kr. og þær hafi Jónas greitt og 10 kr. umfram. Krefst svo Hólshreppur að sjer sje úrskurðað í endurgjald frá Þverárhreppi $\frac{2}{3}$ af 216 kr. 78 a. ÷ 90 kr. eða 84 kr. 52 a. Þessa kröfu hafið þjer tekið til greina í framangreindum úrskurði yðar. En á þetta verður ekki fallist. Úr því að hreppsnefnd Hólshrepps hafði tekið þurfalinginn á framfæri fyrir hönd Þverárhrepps, hina álitnu framfærslusveit, átti hún að halda áfram með það svo lengi sem hann var þar styrkspurfi, en í stað þess fer hún eftir að Jónas kemur að sunnan heim aftur að veita honum styrk, sem hún eftir því sem hún hagaði sjer síðan, virðist hafa ætlast til að hann endurgreiddi af sumarkaupi sínu. Þessi styrkur, sem eins og að framan segir, nam 165 kr., var hvorki löglega tilkyntur framfærslusveitinni nje sundurliðaður, og getur ekki skoðast löglega veittur sveitarstyrkur gagnvart henni. Hinsvegar verður að telja hinn fyrst veitta framangreinda 216 kr. 78 a. styrk löglega veittan og endurkræfan fátækrastryrk að $\frac{2}{3}$ hlutum, en þarsem hreppsnefnd Hólshrepps hefir móttekið alls 255 kr. af styrkþeganum, sem fyrst og fremst ber að taka til endurgreiðslu á hinum nefnda lögmæta sveitarstyrk, og nam meiru en hann, verður að fria Þverárhrepp af endurgjaldskröfum Hólshrepps í þessu máli.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjermeð, að framangreindur Jónas Benjamínsson skuli teljast sveitlægur í Þverárhreppi í Húnavatnssýslu, en að sá hreppur skuli vera laus við endurgjaldskröfur Hólshrepps í Ísafjarðarsýslu í þessu máli.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Þverárhrepps.